



Reglur um afslátt af dagvistargjöldum í Ísafjarðarbæ

35% afsláttur frá leikskólagjaldi og hálfu aukagjaldi er veittur til einstæðra foreldra og ef báðir foreldrar eru í fullu námi

Einstæðir foreldrar þurfa að framvísa vottorði frá sýslumanni um að viðkomandi sé að fá greitt meðlag, Námsmenn framvísa skólavottorði fyrirfram fyrir hverja önn þar sem fram koma upplýsingar um einingafjölda og staðfestingu á því að um fullt nám sé að ræða og foreldri því utan vinnumarkaðar.

Afsláttur reiknast frá 1. degi mánaðar eftir að umsókn og gögn hafa borist og verið samþykkt.

Foreldrum er skylt að tilkynna leikskóla um breytingar á högum sínum, svo sem breytta hjúskaparstöðu og er þeir hafa hætt námi.

Þeir sem hafa notið niðurgreiðslu af leikskólagjaldi þurfa að endurnýja umsóknir sínar um hver áramót. Afsláttur er ekki veittur afturvirkur

Systkinaafsláttur er 30% með öðru barni og frítt fyrir þriðja barna af leikskólagjaldi og hálfu aukagjaldi.

Afsláttur gildir milli dagvistunaraðila og skólastiga.

Afsláttur er ekki veittur af hádegisverði og hressingu.

Samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 18. nóvember 2021